

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 6. nóvember í máli nr. E-101/2007:

Hjálmtýr Sigurðsson

(Ólafur Eiríksson hdl.)

gegn

Margfeldi ehf.

(Bjarni S. Ásgeirsson hrl.)

Mál þetta var þingfest 10. janúar 2007 og tekið til dóms 9. október sl. Stefnandi er Hjálmtýr Sigurðsson, kt. 000000-0000, Breiðvangi 16, Hafnarfirði en stefndi er Margfeldi ehf., kt. 000000-0000, Helguvík, Álftanesi.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.659.202 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 3. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 330.510 krónum frá 1. október 2006 til 1. nóvember 2006, af 661.020 krónum frá þeim degi til 1. desember 2006, af 991.530 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2007 og af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá látinn falla niður.

I.

Stefandi rak sandblástursfyrirtæki í 22 ár. Hann kvaðst hafa veikst og þá farið að huga að því að selja fyrirtækið og draga úr vinnu og álagi. Forsvarsmaður stefnda, Sigurður Magnússon, hafi sýnt áhuga á að kaupa fyrirtækið og hafi það orðið úr. Með kaupsamningi 16. desember 2005 hafi stefndi keypt fyrirtæki stefnanda, HK Sandblástur ehf., og hafi fylgt kaupunum fasteign félagsins, áhöld og tæki, bifreið, viðskiptavild og viðskiptasambönd. Í 6. grein kaupsamnings segir m.a.: „Seljendur skuldbinda sig til að aðstoða kaupendur að fremsta megni til að tryggja að viðskiptavinir og viðskiptasambönd haldist hjá félaginu eftir að sala þessi hefur farið fram. Til að tryggja slíkt sem best skuldbindur framkvæmdastjóri HK Sandblásturs ehf., Hjálmtýr Sigurðsson, sig til að starfa í fullu starfi hjá kaupendum út árið 2006. Gerður verður sérstakur ráðningarsamningur milli aðila vegna þessa.

Laun hans á árinu 2006 skulu vera 300.000 kr. á mánuði fyrir allt að 200 klst. vinnuframlag á mánuði. Ef Hjálmtýr starfar hjá kaupendum út árið 2006 og umsvif þess rekstrar sem verið er að selja samkvæmt kaupsamningi þessum verði 15.000.000 kr. á árinu 2006 mun Hjálmtýr fá 20% af þeirri fjárhæð sem umfram er í bónusgreiðslu vegna ársins 2006 til viðbótar framangreindum launum. Kjósi hann að hætta störfum fyrir árslok 2006 fellur krafa hans til bónusgreiðslunnar niður. Verði honum hins vegar sagt upp störfum á árinu vegna ástæðna sem ekki verða raktar til vanefnda hans eða stórkostlegs gáleysis mun sú uppsögn ekki hafa áhrif á framangreindan bónus.”

Í framhaldi af þessu ákvæði gerðu stefnandi og stefndi, sem nú hét HK Blástur ehf., starfssamning sín á milli 12. febrúar 2006. Í honum segir m.a.:

1. Starfsmaður hóf störf hjá HK Blæstri ehf. hinn 1. janúar 2006 við kaup félagsins á rekstri starfsmanns.
2. Verksvið starfsmanns er verkstjórn á vinnustað félagsins að Helluhrauni 6 og yfirumsjón með daglegum rekstri. Einnig er starfsmanni ætlað að kynna félagið meðal núverandi og væntanlegra viðskiptavina með heimsóknum og kynningum.
3. Á meðan samningur þessi er í gildi er starfsmanni óheimilt að taka að sér önnur launuð störf nema í samráði við vinnuveitanda.
4. Félagið lætur starfsmanni í té sendibifreið eða sambærilega bifreið til umráða á vinnutíma.
5. Framangreint starf telst vera fullt starf og skulu laun starfsmanns vera 300.000 kr. á mánuði fyrir allt að 200 klst. vinnuframlag á mánuði. HK Blástur ehf. skal standa skil á lögbundnum lífeyrisgreiðslum vegna starfsmanns og greiða félagsgjald til Hlífar í Hafnarfirði. Laun starfsmanns fylgja þróun á almennum launamarkaði. Um orlof, launagreiðslur í veikindum og önnur almenn kjaraatriði sem ekki er fjallað sérstaklega um í samkomulagi þessu gilda þær reglur sem almennt eru í gildi hjá félaginu á hverjum tíma, en þær taka mið af kjarasamningum Hlífar.
6. Verði tekjur félagsins af þeim rekstri sem fram fer innan veggja verkstæðisins umfram 1.250.000 kr. á mánuði greiðir HK Blástur ehf. starfsmanni launaviðbót sem nemur 20% af þeim tekjum sem umfram eru í viðmiðunarfjárhæðina. Ákvæði þetta er nánari úrfærsla á 6. gr. kaupsamnings milli aðila. Verði tekjur félagsins af verkum sem unnin eru utan verkstæðisins hærri en 1.250.000 kr. á mánuði greiðir félagið starfsmanni 7% launaviðbót af þeirri fjárhæð sem umfram er. Heildarbónus samkvæmt framangreindum útreikningum getur þó að hámarki orðið 150.000 kr. á mánuði. Starfsmanni er heimilt að senda reikning frá einkahlutafélagi sínu vegna þessara bónusgreiðslna.
7. Samningur þessi er ótímabundinn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir hvenær sem er á samningstímanum, þó skuldbindur starfsmaður sig til að starfa hið minnsta til ársloka 2006. Brot á samkomulagi þessu heimilar hvorum aðila um sig að segja samningnum upp þegar í stað og fer þá um launagreiðslur

samkvæmt almennum reglum í samræmi við eðli brotsins.”

Stefnandi segir að í ljós hafi komið eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2006 að forsvarsmaður stefnda, Sigurður Magnússon, gæti ekki lengur séð um rekstur fyrirtækisins þar sem hann var þá orðinn bæjarstjóri á Álftanesi. Sigurður hafði tjáð honum að nýr maður mundi koma og taka við prókúru. Skyldi hann taka hjá stefnanda nótur og reikninga og sjá um fjármál fyrirtækisins. Hafi það gengið eftir og Gunnar Þór Jónsson orðið prókúruhafi félagsins. Stefnandi kveður þetta hafa gerst um hálfum mánuði áður en hann hafi ætlað að fara í sumarfrí 1. ágúst 2006. Hafi þá verið haldinn fundur og þetta kynnt en á þessum fundi hafi verið mættir auk hans Gunnar Þór Jónsson, Sigurður Magnússon og Rúnar Gunnarsson. Tilkynnt hafi verið að Rúnar myndi leysa stefnanda af í ágúst meðan stefnandi væri í fríi. Stefnandi kveður ekki hafa verið minnst á það að þessir nýju aðilar, þ.e. Rúnar og Gunnar Þór, væru að kaupa fyrirtækið. Stefnandi kvaðst hafa farið í eina vinnuferð út á land með Rúnari áður en stefnandi hafi farið í sumarfrí. Í þessari ferð hafi Rúnar ekki minnst á að hann væri að kaupa fyrirtækið. Stefnandi kvaðst hafa átt að mæta 1. september í vinnu og hafi hann komið nokkrum dögum áður í vinnuna til þess að heyra hljóðið í mönnum. Þá hafi hann hitt Hjört Júlíusson sem hafi sagt stefnanda að hann væri ásamt Gunnari og Rúnari búnir að kaupa fyrirtækið. Hjörtur hafi spurt hann um ráðningarsamning sinn við stefnda og sagt að hann hafi ekki fengið hann afhentan hjá Sigurði. Þá hafi Hjörtur jafnframt sagt stefnanda að nú væru orðnir þrír eigendur að fyrirtækinu og því þyrfti að endurskoða stöðu stefnanda og kjör hans. Í þessu hafi Rúnar komið að þeim og lagt vinnuskýrslur á borðið og sakað stefnanda um óheiðarleika varðandi útskrift reikninga á fyrirtæki í eigu bróður stefnanda. Stefnandi kvað þetta hafa verið í fyrsta skipti sem hann hafi heyrt að nýir eigendur væru teknir við fyrirtækinu. Í beinu framhaldi hafi Sigurður Magnússon komið inn á fundinn. Hinir nýju eigendur hafi haldið áfram ásökunum á hendur stefnanda um óheiðarleg vinnubrögð og sagt að þeir gætu ekki haft slíkan mann í vinnu. Sigurður hafi reynt að sætta aðila en stefnandi kvaðst hafa skilið hina nýju eigendur svo að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi hans meir. Stefnandi kvaðst hafa talað við Sigurð daginn eftir og spurt hann hvað hann vildi að hann tæki sér fyrir hendur þar sem stefnandi hafi litið svo á að hann væri enn í vinnusambandi við stefnda. Sigurður hafi beðið hann um að bíða átekta því að þetta myndi allt leysast. Þegar ekkert hafi gerst hafi stefnandi leitað til lögmanns sem hafi sent stefnda bréf 12. október 2006 þar sem óskað hafi verið eftir launum fyrir september 2006 og jafnframt upplýsingum um hvort stefndi óskaði enn eftir vinnuframlagi stefnanda. Ekkert svar hafi borist frá stefnda og hafi bréf þetta verið ítrekað með öðrum bréfum 20. og 27. október 2006. Þann 31. október 2006 hafi borist töluvpóstur frá lögmanni stefnda þar sem vinnusambandi aðila hafi verið mótmælt og sagt að stefnandi hafi verið kynntur fyrir nýjum eigendum rekstrarins í júní 2006. Því hafi verið haldið fram í þessu bréfi að stefnandi hafi samþykkt að verða starfsmaður nýrra eigenda. Stefnandi heldur því fram að þetta sé alrangt því honum hafi aldrei verið kynnt að nýir eigendur hefðu tekið við rekstrinum.

Stefnandi segir kröfugerð sína tvískipta. Annars vegar sé um að ræða kröfu um greiðslu vangoldinna og gjaldfallinna launa og hins vegar um greiðslu launaviðbóta að frádregnum greiðslum sem stefnanda hafi sannarlega verið greiddar. Umsamin laun hafi verið 300.000 kr. á mánuði. Stefnanda hafi ekki enn verið sagt upp störfum auk þess sem hann hafi verið skuldbundinn til að starfa hjá stefnda út árið

2006. Þess vegna krefjist hann greiðslu launa vegna september-, október-, nóvember- og desembermánaða 2006 en launagreiðslur vegna þeirra mánaða séu allar gjaldfallnar. Að auki sé krafist greiðslu á 10,17% orlofi, þ.e. 30.510 krónur á mánuði. Launakrafan sé því að fjárhæð 1.322.040 krónur (4x330.510 krónur.)

Krafa vegna launaviðbótar samkvæmt 6. gr. starfssamnings aðila sé byggð á samantekt Alexanders Vagnssonar endurskoðanda sem hafi til stuðnings útreikningi sínum upplýsingar úr bókhaldi stefnda sem stefndi hafi sjálfur afhent. Samkvæmt útreikningum Alexanders hafi stefndi staðið í skuld við stefnanda að fjárhæð 406.677 krónur vegna fyrstu sjö mánaða ársins 2006 þar sem umsamin launaviðbót hafi verið miðuð við allt árið 2006. Sé krafa vegna launaviðbótar framreiknuð út árið 2006 og sé því að fjárhæð 697.162 krónur.

Óumdeilt sé að stefndi hafi greitt stefnanda fyrirframgreiðslu að fjárhæð 220.000 krónur og orlof að fjárhæð 90.000 krónur. Þá skuldi stefnandi stefnda húsaleigu að fjárhæð 50.000 krónur. Þessar greiðslur, samtals að fjárhæð 360.000 krónur séu dregnar frá dómkröfum stefnanda sem hafi gjaldfallið 1. janúar 2007.

Stefnandi telur kröfu um launaviðbót hafa gjaldfallið í lok árs 2006. Því sé krafist dráttarvaxta frá 1. janúar 2007.

Stefnandi vísar til ákvæða laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði. Stefnandi reisi kröfur sínar á almennum reglum um vinnu-, kröfu- og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við lög og gerða samninga. Vísar stefnandi til laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Kröfu sína um dráttarvexti styður stefnandi við 3. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og kröfu um málskostnað við ákvæði einkamálalaga um málskostnað.

II.

Fyrirsvarismaður stefnda, Sigurður Magnússon, kvað málavexti þá að hann hafi verið í viðræðum við stefnanda um kaup á fyrirtækinu HK Sandblástur ehf. haustið 2005 og hafi viðræður þeirra leitt til þess að hann hafi keypt fyrirtækið 15. desember 2005. Nafni stefnda, Margfeldis ehf., hafi síðan verið breytt í HK Blástur ehf. Forsendur þessara kaupa hafi verið að stefnandi, sem þekkti reksturinn út í hörgul, yrði stefnda til liðsinnis fyrst um sinn með reksturinn. Störf stefnanda hjá stefnda hafi einkum falist í daglegri rekstrarstjórnun, taka á móti vörum og setja starfsmenn til starfa, afhenda fullunnin verk og skrifa reikninga á verkin, afla verkefna og gera tilboð og hafa með hendi daglega aðdrætti til framleiðslunnar. Sigurður kveður stöðu sína hafa breyst eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006. Þá hafi hann rætt við stefnanda um hugsanlegar breytingar á rekstrinum með tilliti til þess að nýr aðili kæmi inn í reksturinn. Hann hafi þó lagt á það áherslu við stefnanda að hann ynni áfram hjá félaginu. Nokkrir aðilar hafi sýnt félaginu áhuga. Þannig taldi Sigurður að hann hafi að minnsta kosti kynnt stefnanda fyrir fjórum aðilum sem komið hafi og skoðað fyrirtækið. Sigurður kveðst hafa fengið Gunnar Þór Jónsson vélstjóra til að koma til fyrirtækisins í júní 2006 til þess að vera með prókúru fyrir félagið. Þá hafi hann verið orðinn bæjarstjóri á Álftanesi og ekki farið saman að hann stundaði einnig atvinnurekstur. Sigurður kveðst hafa kynnt

stefnanda þessa breytingu og jafnframt að til stæði að nýir aðilar kæmu að félaginu og eignuðust það með Gunnari. Það hafi gengið eftir og Hjörtur Júlíusson og Rúnar Gunnarsson bæst í hópinn. Rúnar hafi hafið störf hjá félaginu 10. júlí 2006 í þeim tilgangi að setja sig inn í reksturinn með ætluð kaup þeirra félaga í huga. Sigurður kvaðst hafa haldið fund með stefnanda, Gunnari og Rúnari 7. júlí 2006. Þá hafi stefnandi verið kynntur fyrir væntanlegum kaupendum og hann upplýstur um að þeir hygðust taka við rekstrinum ásamt Hirti strax í ágúst. Stefnandi hafi sérstaklega verið spurður um hvort hann væri tilbúinn og samþykkur því að ráðningarsamningur hans við stefnda flyttist yfir til nýrra eigenda og félags þess sem þeir hygðust stofna um starfsemina. Stefnandi hafi lýst sig tilbúinn til að vinna með nýjum eigendum og sagt að sér litist vel á það. Fyrir lá á þessum tíma að stefnandi ætlaði í sumarfrí strax í byrjun ágúst. Því hafi verið mikilvægt að nýir eigendur kæmu sem fyrst inn í reksturinn áður en stefnandi færi í frí. Hafi hann lagt til á fundinum að Rúnar kæmi strax til vinnu og hafi það orðið úr. Samningur um söluna við hina nýju eigendur hafi verið undirritaður 31. júlí 2006. Í þeim samningi sé sérstaklega tekið fram að ráðningarsamningur við stefnanda sem stefndi hafi gert skuli halda gildi sínu.

Sigurður kveðst einnig hafa haft samband við stefnanda eftir undirskrift samningsins 31. júlí 2006 og tilkynnt honum að nú hefði formlega verið gengið frá eigendaskiptum.

Hinir nýju eigendur hafi oft hringt í stefnanda í ágústmánuði til að bera undir hann eitt og annað varðandi reksturinn. Alls séu skráð 16 símtöl í þessu skyni. Sama sé að segja um samskipti Sigurðar og stefnanda. Þeir hafi átt níu símtöl í júlí og einnig níu símtöl í ágúst um málefni fyrirtækisins. Hafi símtöl þessi snúist um að afla upplýsinga fyrir hina nýju eigendur sem höfðu tekið við rekstrinum. Sigurður kvaðst hafa reynt af heilum hug að reyna að rétta stöðu stefnanda gagnvart hinum nýju eigendum eftir að trúnaðarrestur hafi orðið þeirra í milli. Sigurður kvaðst ennfremur hafa þrýst á stefnanda að gefa út afsal til þess að Sigurður gæti haft eignarheimildir sínar í lagi er hann gengi frá samningum við hina nýju eigendur. Hafi þeir átt samtöl í lok júlí vegna þessa og stefnandi gefið út afsöl 2. ágúst 2006. Á þessari stundu hafi stefnandi verið sáttur við aðkomu hinna nýju eigenda og ekki gert neinn fyrirvara í afsali sínu til HK Blásturs ehf.

Er hér var komið sögu kvaðst Sigurður hafa verið í góðri trú um að allir væru mjög sáttir með sinn hlut og stefnandi farinn í sumarleyfi. Stefnandi hafi átt að koma til vinnu hjá hinum nýju eigendum 1. september 2006 og engin tilefni verið til að ætla annað en að ágætt samband væri milli þeirra. Hins vegar hafi farið af stað atburðarás sem stefnandi beri einn fulla ábyrgð á og leitt hafi til trúnaðarrests milli hans og hinna nýju eigenda. Það hafi orðið til þess að stefnandi hafi ekki mætt til vinnu hjá hinum nýju eigendum 1. september eins og samið hafi verið um. Ástæða þessa trúnaðarrests hafi verið sú að er hinir nýju eigendur hafi farið að vinna í sínum málum og fara yfir gögn á starfsstofu fyrirtækisins. Hafi þeir fundið með tveggja daga millibili nóttubækur með tveimur útskrifuðum vinnuseðlum fyrir tímabil á fyrriparti ársins 2006 vegna sandblásturs í þágu fyrirtækis í eigu bróður stefnanda. Umræddur viðskiptamaður hafi hins vegar ekki fundist á viðskiptamannalista og reikningar bersýnilega ekki gefnir út.

Þá hafi hinir nýju eigendur ekki verið ánægðir með að stefnandi hafi lagt undir sig um helming athafnasvæðis þeirra á lóð fyrirtækisins og ekki sinnt tilmælum þeirra

um að fjarlægja eigur sínar af lóðinni.

Sigurður kvaðst hafa orðið þess áskynja í samtölum sínum við hina nýju eigendur að þeir vildu breyta rekstri fyrirtækisins þegar stefnandi kæmi úr sumarfríi. Til að mynda hafi hinir nýju eigendur sjálfir viljað sjá um reikningsútskrift og gerð reikninga. Til þess að fara yfir þessi mál hafi verið haldinn fundur í byrjun september sem Sigurður kvaðst hafa verið á ásamt stefnanda, Hirti og Rúnari. Þessi fundur hafi ekki skilað árangri vegna þess að stefnandi hafi orðið reiður og talið hina nýju eigendur vera að ásaka sig um óheiðarleg vinnubrögð. Hafi stefnandi rokið af fundi og skellt hurðum.

Hjörtur Júlíusson kom fyrir dóm og sagðist hafa komið að fyrirtækinu í ágúst og þá hefði stefnandi verið í fríi. Hann sagði að á fundinum í september hafi verið rætt um að hinir nýju eigendur tækju alfarið yfir fjármál fyrirtækisins en jafnframt hafi Rúnar spurt út í vinnunóturnar sem ekki höfðu verið útskrifaðar. Stefnandi hafi gefið sínar skýringar en tekið gagnrýninni illa og gengið á dyr. Hjörtur sagði jafnframt að hann hafi hitt stefnanda fyrir fundinn en mundi ekki hvort það hafði verið samdægurs eða nokkrum dögum áður. Hann hafi þá sagt við stefnanda að hann gæti ekki treyst honum fyrir fjármálum fyrirtækisins eftir það sem á undan var gengið í sambandi við vinnunóturnar.

Gunnar Þór Jónsson sagði fyrir dómi að hann hafi orðið við beiðni Sigurðar Magnússonar um að taka við prókúru og hafa vikulegt eftirlit með reikningsútskriftum og fleiru. Minna hafi þó orðið úr þessu heldur en til hafi staðið vegna þess að hann hafi veikst. Hann kvaðst þó hafa verið á fundinum 7. júlí þar sem að Rúnar, stefnandi og Sigurður hafi einnig verið viðstaddir. Rætt hafi verið um að þeir þremmenningar væru að kaupa fyrirtækið og þeir væru komnir til vinnu til að kynna sér aðstæður. Stefnandi hafi ekki gert athugasemd við það og samþykkt að samningur hans við stefna yrði yfirfærður á hina nýju eigendur. Gunnar kvað þetta hafa verið frágengið og að stefnandi kæmi úr sumarfríi í byrjun september. Veikindi hans hafi hins vegar ágerst með þeim afleiðingum að hann hafi dregið sig út úr fyrirtækinu og ekki hitt stefnanda aftur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum. Stefndi hafi virt starfssamning aðila að öllu leyti og greitt stefnanda laun til þess dags er hann hafi hlaupið úr vinnu. Því hafi hann fyrirgert rétti sínum til frekari mánaðarlauna eða uppsagnarfrests. Kominn hafi verið á bindandi samningur milli aðila um að stefnandi ynni hjá hinum nýju eigendum. Þessi samningur hafi verið munnlegur en líta verði til þess að stefnandi var fyrrum eigandi í félaginu og þekkti alla innviði þess. Með hliðsjón af því hafi ekki þurft að gera við hann skriflegan samning. Þá hafi stefnandi haft beina hagsmuni af því að fylgja hinum nýju eigendum áfram með tilliti til bónusgreiðslna. Með tilliti til vitnaframburðar, framburðar fyrirsvarsmanns stefnda, útgáfu afsals án athugasemda til stefnda, athafna stefnanda allt fram til þess tíma er hann átti að mæta í vinnu í september 2006, verði að telja að fram sé komin sönnun þess að samningur hafi komist á við hina nýju eigendur.

Stefnandi hafi sýnt stefnda óráðvendni í vinnu sinni með því að láta undir höfuð leggjast að gera reikninga á bróður sinn.

Stefnanda hafi borið að vinna uppsagnartímann nema vinnuframlagi hans hafi ekki verið óskað. Stefnandi hafi hins vegar hlaupið úr vinnu. Hann hafi því brotið samningsbundnar skyldur sínar gagnvart hinum nýju eignendum. Hann hafi því rift einhliða samningnum við hina nýju eigendur.

III.

Stefnandi seldi stefnda fyrirtæki sitt, HK Sandblástur ehf., ásamt fasteign, áhöldum, vélum, viðskiptasamböndum og viðskiptavild með kaupsamningi 16. desember 2005. Í kaupsamningi er kveðið á um að stefnandi skuli áfram starfa hjá stefnda til áramóta 2006 en efni þessa ákvæðis er rakið hér að framan ásamt efni sérstaks starfssamnings aðila sem gerður var 12. febrúar 2006. Krafa stefnanda í málinu er reist á starfssamningnum sem kveður m.a. á um að stefnandi skuli hafa fóst mánaðarlaun og tekjuauka sem tæki mið af veltu fyrirtækisins.

Nafni stefnda, Margfeldi ehf., var breytt í HK Blástur ehf. eftir kaup stefnda á fyrirtækinu en síðan aftur breytt í Margfeldi ehf. Það var allan tímann rekið undir sömu kennitölu. Af hálfu stefnda hefur aðild og fyrirsvari varnarmegin ekki verið mótmælt og tekið til varnar á þeim grunni að stefnda sé réttilega stefnt.

Í lok maí 2006 ákvað fyrirsvarsmaður stefnda, Sigurður Magnússon, að selja fyrirtækið. Úr varð að feðgarnir Gunnar Þór Jónsson og Rúnar Gunnarsson ásamt Hirti Júlíussyni, tengdaföður Rúnars, keyptu það með kaupsamningi 31. júlí 2006.

Aðilar deila um hvort stefnandi hafi vitað um þessa breytingu á eignarhaldi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum flytjast réttindi og skyldur fyrrverandi eiganda yfir til nýs eiganda og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal nýr eigandi virða launakjör og starfsskilyrði sem áður giltu gagnvart starfsmanni. Þetta atriði þykir þó ekki skipta máli eins og málið liggur fyrir því stefndi hefur ekki borið það fyrir sig að hann sé ekki réttur aðili að málinu.

Aðilar deila um hvort stefnanda hafi verið sagt upp störfum eða hvort hann hafi hlaupist á brott af ástæðulausu. Á fundi í byrjun september 2006 voru mættir stefnandi, fyrirsvarsmaður stefnda, Sigurður Magnússon, svo og Hjörtur Júlíusson og Rúnar Gunnarsson. Sá síðastnefndi kom ekki fyrir dóm til að bera vitni og stefnandi hefur mótmælt skriflegri vitnaskýrslu hans. Frásögn þeirra Sigurðar, Hjartar og Rúnars er sú að Rúnar hafi borið undir stefnanda tvær vinnuskýrslur sem hann hafði fundið í fyrirtækinu án þess að reikningar hefðu verið gefnir út. Þessar vinnuskýrslur voru stílaðar á fyrirtæki í eigu bróður stefnanda. Af skriflegum gögnum málsins má sjá að hinir nýju eigendur töldu að trúnaðarrestur hafi orðið milli þeirra og stefnanda vegna þessa. Hjörtur sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi sagt við stefnanda nokkrum dögum fyrir þennan fund að hann gæti ekki treyst stefnanda fyrir fjármálum fyrirtækisins vegna þessara vinnuskýrslna. Þremmingarnir sögðu jafnframt að á þessum fundi hafi stefnandi tekið þessari gagnrýni illa og rokið á dyr. Frásögn stefnda af þessum fundi er hins vegar á aðra lund. Hann hafi gefið fullnægjandi skýringar á þessum vinnunótum. Hann hafi ekki gefið út reikninga einfaldlega vegna þess að verki hafi ekki verið lokið. Hann

hafi verið borinn sökum um óheiðarleika og Hjörtur og Rúnar sagt að þeir gætu ekki haft slíkan mann í vinnu. Hann hafi skilið þessi ummæli sem brottrekstur.

Samkvæmt framansögðu stendur orð á móti orði um hvort stefnandi hafi verið rekinn úr vinnu eða hvort hann hafi hlaupist á brott. Af framburði vitna og öðrum gögnum málsins er sannað að stefnandi var borinn sökum á fundinum í byrjun september 2006 sem gaf stefnanda tilefni til að draga í efa að stefndi vildi hafa hann í vinnu áfram. Við þessar aðstæður bar stefnda að taka af skarið í þessum efnum með áskorun til stefnanda um að koma aftur til vinnu þrátt fyrir þann ágreining sem orðinn var. Verður stefndi að bera hallann af því að hafa látið það undir höfuð leggjast. Samkvæmt framansögðu ber því að miða við að stefnanda hafi verið rétt að ganga út frá því að honum væri vikið úr starfi hjá stefnda. Hann á því rétt á launum samkvæmt samningi aðila til ársloka 2006.

Krafa stefnanda er um laun í 4 mánuði, 300.000 krónur á mánuði samkvæmt samningi aðila að viðbættu orlofi. Samkvæmt framlögðum gögnum fékk stefnandi greitt orlof á laun sín. Launaviðbótin er samkvæmt útreikningum Alexanders Eðvardssonar endurskoðanda og hefur stefndi ekki mótmælt þeim útreikningi. Krafa stefnanda verður því að öllu leyti tekin til greina og eftir þeim úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 450.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, Margfeldi ehf., greiði stefnanda, Hjálmtý Sigurðssyni, 1.659.202 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 330.510 krónum frá 1. október 2006 til 1. nóvember 2006, af 661.020 krónum frá þeim degi til 1. desember 2006, af 991.530 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2007 og af 1.659.202 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 450.000 krónur í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson